

Sameiginlegur fundur afréttamálanefndar og Starkaðs

Haukur boðar til fundar í Mástungu, 30.07 '26

Fundarmenn: Haukur í Mástungu, Bergur frá Skriðufelli, Gylfi í Steinsholti, Arnór í Þrándarholti, Guðmundur í Þjórsárholti og Vilborg í Skarði sem jafnframt skráði fundargerð.

Málefni fundarins eru fyrirhugaðar framkvæmdir í Bjarnalækjarbotnum og fyrir liggur kostnaðaráætlun sem send var sveitarstjóra 25.nóvember 2025, sem samkvæmt upplýsingum liggur til grundvallar þeirri fjárhagsáætlun sem snýr að viðhaldi og endurbótum á Bjarnalækjarbotnum.

Endurbætur á skálanum

Markmið fyrirhugaðra endurbóta er að bæta aðstöðu þeirra sem nýta skálann, stuðla að aukinni notkun hans en ekki síður að sinna eðlilegu viðhaldi og tryggja að eignir sveitarfélagsins varðveitist og nýtist til framtíðar.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að fyrirkomulag í skálanum er of lítið fyrir fjallsafnið auk annarra hópa sem vilja nýta skálann til dvalar og gistingar. Til að bregðast við þessari þörf var fyrir nokkrum árum lagt gólf yfir jarðveg í þeim hluta hússins sem áður var nýttur sem hesthús. Með því varð til aukið rými fyrir borð og sæti en sú tilhögun er ekki ætluð til langframa. Aðstaða til eldunar í skálanum er afar takmörkuð og þarfnast verulegra úrbóta.

Endurbæturnar fela í sér að leggja nýtt og einangrað gólf á neðri hæð skálans og stækka þar með aðstöðuna til að matast. Mjög mikilvægt er að koma rennandi vatni í húsið, bæta eldhúsaðstöðuna og að byggja við anddyri. Á næstu árum er stefnt að því að koma fyrir rotþró þannig að unnt verði að setja upp vatnssalerni.

Byggingu hesthússins er nú að mestu lokið og mun hún bæta aðstöðu til muna.

Anddyri (bíslag):

Fyrirhugað er að byggja anddyri (bíslag) við skálann. Með þeirri viðbyggingu skapast betri aðkoma að húsinu og jafnframt verður þar gert ráð fyrir salernisaðstöðu til framtíðar. Hugmynd að fyrirkomulagi liggur að mestu fyrir, en vinna þarf fullnaðarteikningar áður en framkvæmdir geta hafist.

Anddyrið mun jafnframt bæta nýtingu skálans til muna. Hún myndar mikilvægt skjól við inngang, dregur úr hitatapi við opnun útihurðar og skapar nauðsynlegt rými fyrir blautan og óhreinan útifatnað, skófatnað og annan búnað. Með því nýtist aðalrými skálans betur.

Áður en ákvörðun verður tekin um framkvæmdina þarf að kostnaðargreina mismunandi útfærslur. Annars vegar hvort hagkvæmara sé að byggja við húsið á staðnum eða hins vegar hvort hagkvæmara sé að kaupa tilbúna einingu (gám) sem flutt yrði á staðinn og aðlöguð að skálanum. Gámurinn yrði klæddur sem sams konar bárujárni og er á kofanum og á hann sett hallandi þak sem væri í einhverju samræmi við húsið.

Vatn:

Jafnframt þarf að kostnaðargreina og meta framkvæmdalega hagkvæmni þeirra lausna sem koma til greina við að koma rennandi vatni í skálann. Til skoðunar eru meðal annars:

- vatnssöfnunartankur með vatnslögn að skálanum
- dælukerfi sem knúið er rafstöð og dælir vatni úr Bjarnalæknum

Að þeirri kostnaðar- og hagkvæmni greiningu lokinni verði tekin ákvörðun um þá lausn sem telst hagkvæmust, áreiðanlegust og best fallin til langtímanotkunar við þær aðstæður sem ríkja á afréttinum.

Í framkvæmd:

Búið er að semja við smið (Hákon Þór Svavarsson) sem mun koma um miðjan ágúst og hefja framkvæmdir. Honum til aðstoðar verða sjálfboðaliðar frá Starkaði. Honum verði skaffaður matur og samkvæmt venju undanfarinna ára hefur slíkur kostur verið greiddur úr sveitarsjóði. Hversu langt verkið kemst verður að ráðast.

Fyrirliggjandi eru eftirfarandi verkefni í viðhaldi:

- Fjarlægja veggjaklæðningar og gólf á neðri hæð hússins
- Setja nýja gólfbita þar sem gólfið er allt í sömu hæð
- Athuga með jarðveg og ef vel er – þá að setja hellur undir fyrir burðinn
- Ganga frá einangrun, loka og ganga frá gólfefni sem er krossviður sem verður lakkaður/gólfmáling
- Klæða vegg

Önnur verkefni ráðast af tíma og fjárhag og staðan endurmetin eftir þörfum.

Undirbúningur:

- Teikna upp húsið svo stærðir og magntölur verði réttar
- Magntaka efni
- Lista upp kostnaðaráætlun

Senda þarf erindi til Afréttamálafélags Flóa- og Skeiða og óska eftir kostnaðarpátttöku, amk í byggingu hesthússins.

Önnur mál

- Finna þar hlíf, lak eða annað utan um þær dýnur sem nýbúið er að kaupa.
- Sníða þarf til dýnur í kojurnar sem eru í eldhúsinu í Gljúfurleit þar sem hefðbundin stærð gengur ekki.
- Salernið (postulínið) er frostsprungið þar sem ekki tókst að opna læsingu á salerninu og setja í það frostlög síðasta vetur
 - Athuga hvort það sé ekki til annað salerni sem hægt er að nýta, á gámasvæði sveitarfélagsins
 - Þrifa þarf salernið vel þar sem það hefur safnast saman mygla (ekkert mál að þrifa)
 - Setja nýja læsingu, lokur eins og eru á öðrum kömrum útivið (3 lokur)
 - Einnig væri gott að skyggja rúðurnar sem þarna eru

Samþykkt að funda aftur eftir fjallferðir og setja saman viðhalds- og uppbyggingaráætlun til næstu 4 ára.

Fleira rætt en ekki fært til bókar.

— — —

Meðfylgjandi er erindi til sveitarstjóra 25.nóv, ´25:

Áætlun lögð fram fyrir sveitarstjóra 25.nóv 2025

Bjarnalækjarbotnar, skálinn sjálfur.

Verkið felst í að bæta aðstöðu með því að taka hesthúsið undir eldhús og matsal og að einhverju leyti gistingu. Einnig felst í þessu að byggja við skálann anddyri sem nánar á eftir að útfæra en áætlun gerir ráð fyrir 6-8fm að stærð. Gert er ráð fyrir að ráða smíð í hluta af verkinu en einnig að leggja fram vinnu í formi sjálfbóðaliðastarfs.

Kostnaðaráætlun:	
Vinna	1.200.000
Gólf og veggir	1.500.000
Anddyri	1.500.000
Frágangur	200.000
	4.400.000